

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og gámasvæði í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Gjaldtegund	120L spartunna	140L spartunna og brúntunna	240L tunna
Sorphreinsunargjald	31.140 kr.	31.140 kr.	31.140 kr.
Sorpeyðingargjald	25.560 kr.	29.820 kr.	39.850 kr.
Samtals	56.700 kr.	60.960 kr.	70.990 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignargjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldfrjálsu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu á gámasvæði Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á heimilissorpi allt að 0,5 m³ á gámasvæði Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gleri og blátunnuefni í grenndarstöðvar í sveitarfélaginu.

Hvít

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

Pokagjald: Sérmerktir sorppokar	528	kr./stk.
Tunnugjald: Nýjar 140 tonnur	11.607	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tonnur	14.872	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	47.265	kr./ílát
Samsetningar- og útkeyrslugjald	2.748	kr./ílát
Tunnufesting	4.177	kr./stk.
Teygjufestinn á lok í lausasölu	880	kr./stk.

Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur	1.100	kr./stk.
---	-------	----------

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liði er frá því notkun hófst.

Sé tunnum fækkað og tunnu skilað er hún innleyst á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst.

3.gr

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn:

Óflokkað	Kr/kg m.vsk
Blandaður úrgangur: Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindar endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakra meðhöndlunar í böggun.	57,00
Grófur úrgangur: Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, gifs	64,00
Flokkað	Kr./kg
Steinefni frá framkvæmdum: Postulín, flísar, keramik og gler	26,00
Timbur: Hvítmálað, plasthúðað og blandað.	32,00
Ólitað timbur, trjábolir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	18,00
Hey, trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0,00
Dagblöð/tímarit	12,00
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	14,00
Málmar:	0,00
Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:	Kr./kg
Umbúðir úr sléttum pappa	0,00
Plastumbúðir	39,00
Heyrúlluplast	0,00
Bylgjupappi	0,00
Hjólbarðar	0,00
Raftæki	0,00
Spilliefni	0,00
Annað:	Kr./kg
Smádýrahæ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr við afgreiðslu)	255,00
Húsdýraúrgangur	17,00

Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni.	28,00
Jarðefni til afhendingar:	Kr./kg.
Mulningur 0-25	3,77
Drenmöl 10-25	4,60
N. sandur 0-8	3,50
Fjörusandur á gámasvæði	2,70
Sandur úr Eyrarbakka fjöru – afgreiddur í fjörunni	1.539 kr./m ³

Lágmarkskomugjald eru 660 kr.

Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.253 kr./m³

4. gr

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1703/2021.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn XX. desember 2022.

Fjóla St. Kristinsdóttir
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar